





Forspil

Kveðja
Bubbi Morthens

Bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.
Ameríkst þjóðlag / Pétur Þórarinsson





Ritningarorð

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
:,: Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.:,:
Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Ritningarorð

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gladir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.
Þjóðlag frá Schlesíu / Breslau
Valdimar Briem



Guðspjall

Hafið lokkar og laðar
Erlent lag / Jóhanna Erlingsson

Minningarorð

Einhvers staðar
einhvern tímann aftur
Magnús Eiríksson

Bæn - Faðir vor

Ég er kominn heim
Emmerich Kálmán / Jón Sigurðsson

Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
P. C. Krossing
Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
P. C. Krossing
Matthías Jochumsson.

Blessun

Eftirspil

Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson
Margrét Jónsdóttir









Séra Þráinn Haraldsson jarðsyngur
Organisti: Viðar Guðmundsson
Söngur: Tindatríó
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

Ástvinir þakka samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

Prentþjónusta Vesturlands, Borgarnesi

Sturlaugur Laxdal Gíslason

Fæddur 25. júní 1954

Dáinn 1. september 2026



Útför frá Akraneskirkju
fimmtudaginn 10. september 2026